

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar.

1. gr.

Vatnsgjald.

Hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar og skal það vera eftirfarandi:

- a. Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 6.163 kr. pr. íbúð og 226 kr. pr. fermetra húss.
- b. Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 18.868 kr. pr. eign og 249 kr. pr. fermetra húss.
- c. Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- d. Álagning skv. a-, b- og c-lið skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægri en 0,1% af fasteignamati allra húsa og lóða.

2. gr.

Gjald dagar.

Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjald dagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

3. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

<i>Aukavatnsgjald</i>	<i>Kr./m³</i>
fyrstu 100.000 m ³	39
100.000 - 250.000 m ³	35
eftir 250.000 m ³	32

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkurbyggðar leggur til.

Önnur gjöld:

- | | |
|-----------------|------------|
| a. Lokunargjald | 25.800 kr. |
| b. Útkall | 40.000 kr. |

Skráður notandi:

- a. er ábyrgur fyrir notkun og greiðslum
- b. skal tilkynna notendaskipti
- c. kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans og greiðir fyrir þær.

Greiða skal fyrir hverja heimplögn sem tengir húsveitu við dreifikerfi Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar, umsókn skal greidd og samþykkt áður en til framkvæmda kemur.

Öllum umsóknum um heimplögn skulu fylgja teikningar af nýrri heimplögn og einnig ef um breytingar heimplagna er að ræða.

Greiða skal fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda á dagvinnutíma, á útkall utan dagvinnutíma reiknast 55% álag á útkallsgjald.

4. gr.

Mællaleiga.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
að 32 mm	18
40 mm	18
50 mm	21
80 mm	50
100 mm	91

5. gr.

Heimæðargjald.

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Inntaksgjald, kr.</i>	<i>Yfirlengd, kr./m</i>
25 mm	311.546	14.164
32 mm	450.008	14.164
40 mm	571.165	14.164
50 mm	761.553	14.164
63 mm	1.073.097	14.164
75 mm	1.523.105	14.164
90 mm	2.243.318	14.164

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 20 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Gjald fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar (grunnur 2021) október 2025, 125,9 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 18. nóvember 2025 er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2026. Jafnframt fellur brott gjaldskrá Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar, nr. 1530/2024

Dalvíkurbyggð, 8. desember 2025.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 22. desember 2025